



Reykjavík, 8. janúar 2016  
R15110010  
5761  
HBL/lss

Faxaflóahafnir sf.  
Gísli Gíslason,  
Tryggvagötu 17  
121 REYKJAVÍK

***Eigendanefnd Faxaflóahafna sf.***

Á fundi borgarráðs þann 7. janúar 2016 var lagt fram að nýju bréf borgarstjóra, dags. 8. desember 2015, þar sem lagt er til að borgarráð tilnefni þrjá fulltrúa í eigendanefnd Faxaflóahafna sf., sbr. meðfylgjandi erindisbréf.

Borgarráð samþykkti að tilnefna Sigurð Björn Blöndal, Heiðu Björgu Hilmisdóttur og Júlíus Vífil Ingvarsson í eigendanefndina.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Samrit:  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara  
Sigurður Björn Blöndal  
Heiða Björg Hilmisdóttir  
Júlíus Vífil Ingvarsson

# ERINDISBRÉF

## Eigendanevnd Faxaflóahafna sf.

### Ábyrgð:

Byggðarráð eigenda Faxaflóahafna sf.

### Hlutverk:

Hlutverk eigendanevndar Faxaflóahafna er að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu. Eigendanevndin hefur það hlutverk að móta Faxaflóahöfnum eigendastefnu í þeim tilgangi að tryggja sameiginlega sýn eigenda á samstarf um rekstur fyrirtækisins og skilvirka framkvæmd og stjórnun þess.

### Helstu verkefni:

Að gera tillögu að eigendastefnu Faxaflóahafna sem lögð skal fyrir sveitarstjórnir eigenda fyrirtækisins til samþykktar.

### Eigendanevnd skipa:

Þrír fulltrúar Reykjavíkurborgar og skal einn þeirra vera formaður eigendanevndar.  
Fulltrúi Akraneskaupstaðar.  
Fulltrúi Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.  
Fulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

Með eigendanevnd starfa borgarlögmaður, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og framkvæmdastjóri Faxaflóahafna sem jafnframt skipar ritara eigendanevndar. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga sem að fyrirtækinu standa, sem og stjórnarformaður þess, eiga jafnframt seturétt á fundum nefndarinnar.

### Starfstímabil:

Eigendanevnd skili tillögu að eigendastefnu Faxaflóahafna fyrir lok febrúar 2016.

Samþykkt á fundi [byggðarráð og dags.]